



Reglur bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar um styrkveitingar til félagasamtaka vegna greiðslu fasteignagjalda

Samþykktar 7. mars 2012.

1. gr.

Þeir aðilar sem eiga álagningarskyldar fasteignir í Sandgerðisbæ, þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf, eiga þess kost að sækja um styrki til greiðslu fasteignagjalda af viðkomandi fasteign samkvæmt þessum reglum.

2. gr.

Fasteignir samanber 1. gr. skulu vera eign viðkomandi félagasamtaka og notuð af þeim í þeim tilgangi sem getið er. Eingöngu er um að ræða styrki til greiðslu fasteignagjalda.

3. gr.

Aðilar skulu sækja um styrk á þar til gerðum eyðublöðum og leggja fram þau fylgigögn sem þar er farið fram á hverju sinni. Bæjarráð getur óskað frekari gagna, telji ráðið að slíkt kunnir að vera nauðsynlegt til þess að taka afstöðu til framkominnar umsóknar.

4. gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Auglýst skal í janúar ár hvert eftir umsóknum um styrki til greiðslu fasteignagjalda. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum sé einn mánuður og að úthlutun og greiðslu styrks sé lokið mánuði eftir að umsóknarfrestur er liðinn.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

5. gr.

Bæjarráð Sandgerðisbæjar í umboði bæjarstjórnar móttækur og afgreiðir umsóknir samkvæmt reglum þessum.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

6. gr.

Sætti aðili sig ekki við afgreiðslu bæjarráðs á umsókn getur hinn sami óskað eftir því við bæjarstjórn að endurupptaka málið og afgreiða að nýju.

Reglur þessar, sem samþykktar eru í bæjarstjórn Sandgerðisbæjar, eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum og með vísan til 7. gr. í reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Nánari upplýsingar eru veittar á bæjarskrifstofu Sandgerðisbæjar sími 420 7500



Sandgerðisbær

Umsókn félags eða félagasamtaka um styrk til greiðslu fasteignagjalda

Samkvæmt 2. málsgrein 5. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 7. grein reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 og reglum bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts frá 10. janúar 2012

Umsækjandi:

Heiti félags eða samtaka	Kennitala
Lögheimili	Póstnúmer/staður
	245 Sandgerði
Sími	Heimasíða
Framkvæmdastjóri/tengiliður	Símanúmer tengiliðar
Netfang tengiliðar	

Lýsing á starfsemi

--

Upplýsingar um fasteign:

Heimilisfang	Fastanúmer
Notkun fasteignar, samanber 1. og 2. grein reglna bæjarstjórnar um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts.	

Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn svo hún sé tekin gild:

- Ársreikningur viðkomandi félags fyrir síðasta ár

Umsóknarfrestur rennur út 1. júní ár hvert.

Staður og dagsetning.

Undirskrift umsækjanda (prókúruhafa).

Umsókn berist til:

Bæjarráð Sandgerðisbæjar, Vörðunni, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði.